

STARFSSKYRSLA SKÓGARVÁRDARINS
Á
VESTURLANDI ÁRIÐ 1950.

STARFSSKÝRSLA.

Ferðalög:

Á árinu 1950 hef ég verið 225 daga að heiman í þágu skógræktarinnar, auk þess hef ég innt af höndum störf í skóginum við Hreðavatn, skrifað mikið af bréfum, svarað spurningum o.fl. í þágu skógræktarinnar.

Langstu ferðir á árinu eru Þessar: Dagana 28. 29. 30. marz fór ég til Stykkishólms samkvæmt ósk stjórnar félagsins. Flutti ég erindi á fundinum og svaraði fyrirspurnum. Mikill áhugi ríkti á fundinum, einkum óskuðu fundarmenn eftir að Sauraskógur yrði friðaður og hægt yrði að hefjast handa um plöntun á barrskógi þar. Daginn eftir athugaði ég Sauraskóg, þar eru skilyrði til skógræktar allgóð.

22 apríl til 28. fór ég norður í Strandasýslu eftir ósk Strandamanna. Sýndi ég kvikmynd frá Skógræktinni og flutti erindi. Mjög mikil aðsókn var alla dagana og að lokum var stofnað skógræktarfélag fyrir Strandasýslu. Mikill áhugi ríkti á fundinum fyrir málefnum skógræktarinnar og það sem best var að Strandamenn gjörðu sér fullkomlega ljóst að erfiðleikar voru víða um skógrækt á þessum slóðum.

Kom suður í Borgarfjörð úr Strandiferð 28. apríl. 24 maí kenndi ég plöntun í Snagacirðingu yfir 20 tóku þátt í starfinu. 25. maí fór ég með plöntur vestur í Jörfagirðingu og kenndi þar útplöntun. 29. og 30. maí kenndi ég 30 drengjum úr Í.F.U.M. að planta í Vatna-skógi. Þessir drengir voru áhugasamir og vandvirkir. Þarna voru gróðursettar 5000 furur.

8. júní fóg ég ásamt fleiri vestur í Ytrafellsskóg eftir ósk skógræktarstjóra, og gróðursettum þar 600 furur.

Hinn 14.- 15. - 16. - 17. júlí fór ég vestur í Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi til að athuga skógræktarframkvæmdir Jóns Fannbergs. Byrjað var að planta þarna 1948 og lifir það allvel.

Árið 1949 var aukið við girðingar á þessum slóðum og barrplöntur plantað innan um birkiðjarrið upp í hlíðinni. Plönturnar lifa vel, og hefir sitkagreni þarna vaxið töluvert.

Í vor var plantað 2000 furum, og virðist verkið afbragðs vel unnið, enda fururnar farnar að vaxa - allt uop í 8 cm. Á þessum slóðum er skjól gott sumarhiti mikill, en frekar fannþungt.

Hinn 4. ágúst, eftirlitsferð í Búðahraun. Snæfellingafélagið gjörir ekkert fyrir skógrækt á þessum stað, varzla er erfið og á næsta vori verður þegar að hefjast handa um endurnýjun á stólpum í girðinguna, ef unnt á að vera að halda uppi fullkominni vörzlu framvegis.

Hinn 19. - 20. ágúst fór ég vestur í Reykhólasveit samkvæmt ósk úr Austur-Barðastrandasýslu.

Stofnaði ég Skógræktarfélag Austur-Barðastrandasýslu og flutti erindi um skógræktarmál og svaraði spurningum fundarmanna. Mikill áhugi ríkit á fundinum. Þá athugaði ég girðinguna í Barmahlíð en þar hefir verið plantað nokkru af barrplöntum undanfarin ár.

Hinn sama dag kom ég að Króksfjarðarnesi og ræddi við kaupfélagsstjórnann þar, Ólaf Ólafsson, er óskar eindregið eftir aðstoð í skógrækt í Greidalshreppi næsta vor. Hélt áfram ferð minni yfir Steindalsheiði og norður í Strandasýslu. Þar dvaldi ég 21. og 22. ágúst samkvæmt ósk stjórnar Skógræktarfélags Strandamanna.

Fór ég fyrst til Hólmavíkur en þar kom Jóhannes Bergsveinsson til fylgdar mér, hann er einn ú stjórn félagsins. Fyrst athugaði ég fyrirhugað girðingarstaði í Þyrilsvalladal. Þar er skjólsælt og gott land, skammt frá vegi. Girðingin verður um 800 metrar á lengd. Þá lagði ég á ráðin um gróðursetningu í þessa girðingu.

Að þessu búnu fórum við inn fyrir Ós og athuguðum girðingu, er skátafélagið á Hólmavík girti fyrir nokkrum árum, en nú hefir Skógræktarfélagið tekið við umsjón girðingarinnar. Varzla á umræddri girðingu er góð, og hefir gróðri farið vel fram.

Þarna er dálítið kjarrlendi, og verður plantað í þessa girðingu næsta vor, og sagði ég fyrir um það verk.

Að lokum ferðum hittti ég að máli formann, Skógræktarfélagssins og lagði við hann um ýmislegt varðandi þessi mál.

Hinn 8. - 9. sept. fór ég að Mel og Hítardal í Hraunhrepp og Snorrastöðum.

Í Hítardal þarf að endurnýja mikið af staurum, enn fremur verður að gjöra þar tilraunir með sáningu á næsta vori því bersýnilegt er að þarna kemur ekkti gróður án hjálpar.

Í Melsgirðingu þroskast kjarrið á gróðurtorfunum allvel, og er mikill sá munur að sjá landið innan, og utan girðingar. Nauðsyn ber einnig til að sá fræi á Melsgirðingu.

Í fyrra var plantað nokkru af Bergfuru í Snorra- staðagirðingu, og lifa þær allvel, í vor var plantað þarna skógarfuru og lifir hún einnig vel. Grasfræið er sáð var hefir lifað, og sandurinn grær töluvert, en þarna ber nauðsyn til að sé afbryggðum af góðu melfræi, og á annan hátt auka gróður innan girðingarinnar.

Hinn 10. - 11. - 12. nóv. fór ég vestur að Hvammi í Dölum og athugaði aðstöðu til skógræktar í Hvammi, einnig hélt ég fund með mönnum úr stjórn Skógræktarfélags Dalamanna og lagði á ráðin um ventanlegt starf félagsins á næsta ári.

Auk þeirra ferðalaga er að framan greinir hef ég farið fjölda margar ferðir um Borgarfjarðarháerað og sunnan til á Snæfellsnes o.fl. staði, enda eru girðingar margar á þessum stöðum. Þá hef ég annast um störf í Snorrgarði í Reykholti og einnig í Klett í Reykholtssdal, en þar hefir Hermann Jónasson landbúnaðarráðherra skógræktarfrankvæmdir.

Mjög margir hafa óskað eftir leiðbeiningum og hefi ég eigi komist yfir að anna þeim óskum nema að litlu leiti, meðal annars vegna þess að mér var falið að stilla ferðalögum í hóf, en slíkt vekur óánægju á meðal þess fólks er óskar eftir leiðbeiningum og kemst ég stundum í allverulegan vanda af þessum ástæðum.

Mín sannfæring er að hægt sé að vinna mest gagn með ferðalögum og öflugri leiðbeiningastarfsemi.

FRAMKVÆMDIR.

Girðingarframkvæmdir voru þessar:

Endurnýjuð var girðing umhverfis Vatnaskóg, og var unnið að þeim endurbótum frá 15. maí til 6. júní.

Gamla girðingin gjörónýtt víðast, og þurfti að endurnýja mikið af staurunum, ennfremur bæta miklu af vír, og öll hlið voru gerð upp, settar nýjar hliðgrindur og nýir hliðstaruar.

Girt var 400 m löng girðing í Reykholti fyrir gjaffé Ásmundar Guðmundssonar prófessors, og systkina hans.

Auk þess er að framan greinir var töluvert viðhald á girðingum.

Græðireitur:

Græðireitur er að mestu lagður niður, en í sáðbeðum standa 40 til 50 þúsund af furu 2/o, vaxið upp af fræi frá Tromsfylki.

Þá eru um 500 reynir 1/o í sáðbeði. Samkvæmt fyrirætlunum skógræktarstjóra hef ég ekki starfrækt græðireit hér, enda þyrfti mikið fjármagn til þess.

Gróðursett var í eftirgreindar girðingar sem hér greinir:

	furur	rauð- greni	sitka- greni.
Jafnaskarðgirðing	7000	3500	250
Norðtungugirðing	8000		
Snorrastaða og Jörfagirðing	1000		
Hvannasgirðing	600		
Ytrafellsgirðing	600		
Borgargirðing	300		
Snagagirðing	3000		
Munaðanesgirðing	1200		
Sauðhússkógur	200	50	
Hólmavatnsgirðing	170		
Brenna Lundareykjadal	50		
Gullberast. "	50		
Arnbjargarl. girðing	200		
Vatnaskógur	5000		

Samtals. 27370 3550 250

=====

Um 9500 plöntum af því er að ofan greinir var plantað Skógræktinni að kostnaðarlausu.

Skógarhögg:

Skógarhögg var lítið, en þó var höggvið á Jafna-skarðsskógi allstórt svæði og verður þar plantað barr-plöntum næsta vor.

Vegagerð:

Ruddur var um 3 km vegur út með vatninu, og er nú kominn fær bílvegur að sumrinu út í skógræktargirðing-una. Verkið var framkvæmt með jarðýtu og reyndist kostnaður við vegagerðina alla um 2000.- kr.

Þörf væri á að bera ofaní einstaka kafla vegarins síðar meir.

Sitt af hverju:

Vetur frá áramótum til sumarmála var snjóléttur og mildur á Vesturlandi, en verið var kalt og þurrviðrasant.

Um miðjan maí gjörði mikið frost og olli það afturför á vöxt skógar og grass.

Sumarið var þurrviðrasant, en milt, haustið eitt hið mildasta er eldri menn muna, og þurrviðrasant.

Laufgaðist skógur í Hvalfirði um miðjan maí, en líðið hefir verið hart ~~þurrviðrasant~~ nær mánaðamótum maí og júní, er skógur laufgaðist í uppsveitum Borgarfjarðar og Dalasýslu.

Vöxtur skógar var í meðallagi, barrplöntur er gróðursettar hafa verið undanfarin ár dafna samlega, enda þótt vanhöld séu allveruleg.

Sitkagreni við Hreðavatn gróðursett 1949 þrífst vel, af 120 plöntum er gróðursettar voru hefir aðeins 1 drepist, vöxtur á einstaka sitka allt að 20 cm en þess skal getið að mikið af unredum plöntum var margs stofna með brotinn topp er þær voru gróðursettar.

Ernár var í meðallagi á Vesturlandi.

Störf skógræktarfélaganna á Vesturlandi:

Skógræktarfélagum á Vesturlandi hafa fjölgað um tvö á þessu ári.

Störf skógræktarfélaganna gæti verið miklu meira ef um skipulagða leiðbeiningastarfsemi væri að verða meðaltal þeirra. Tel ég aðkallandi þörf ef störf fólksins um dreifðar byggðir landsins eiga að koma skógræktarstarfinu að notum í framtíðinni - þá verði unnið skipulega að því að kenna fólki að starfa að þessum málum, en það verður ekki kennt á annan hátt en þann - að ferðast um og tala við fólkið.

Í janúar 1951,